

Lokaskýrsla vegna styrks úr Verkefnasjóði skólasamninga

Vorið 2011 sótti Menntaskólinn á Tröllaskaga um styrk í Verkefnasjóð skólasamninga til þróunar á sjálfsmatsaðferðum skólans. Þegar þarna var komið sögu hafði skólinn starfað einn vetur og mikil þörf á að móta sér farveg og stefnu í innra mati skólans.

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins sem sótt var um styrk til var að þróa sjálfsmatstæki í anda stefnumiðaðs árangursmats. Stjórnendur skólans höfðu sett fram markmið og drög að stefnukorti sem byggði á hugmyndafræði stefnumiðaðs árangursmats. Þar komu einnig fram mælikvarðar sem þó átti eftir að vinna mikið í og meta. Því var hugmyndin að innleiða stefnumiðað árangursmat sem sjálfsmatstæki og um leið stjórnstæki.

Verkefnið miðaði að því að endurskoða og þróa þær hugmyndir sem þegar höfðu verið settar fram og gert var ráð fyrir að vinna að eftirtöldum þáttum:

- Greining þeirra þátta sem sjálfsmat skólans tekur til. Aðferðafræði skilgreind.
- Stefnukort sem lýsir stefnu skólans, þeim árangri sem stefnt er að og hvernig honum skuli náð. Skilgreining þeirra vídda sem vinna skal með og orsakasamhengi þeirra sýnt
- Skorkort þar sem fram koma markmið sem endurspeгла stefnuna sem sett er fram á stefnukortinu. Þróun mælikvarða sem segja til um hvernig gengur að ná markmiðunum.

Sett var fram framkvæmdaáætlun

Tími	Viðfangsefni
Ágúst 2011	<ul style="list-style-type: none">• Hugmynd verkefnisins rædd á starfsdögum með starfsmönnum skólans.• Aðferðir við innra mat og markmiðssetningu.• Verkáætlun vetrarins kynnt.
September	<ul style="list-style-type: none">• Fræðsla fyrir starfsmenn. Farið yfir hugmyndafræði stefnumiðaðs árangursmats með starfsmönnum.• Útdeiling verkefna.
Október	<ul style="list-style-type: none">• Stöðufundur, endurskoðuð markmiðssetning.

Desember	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnaskil. Litið á heildarmynd.
Janúar 2012	<ul style="list-style-type: none"> • Fundur – endurskoðun skilgreininga. • Útdeiling verkefna.
Mars	<ul style="list-style-type: none"> • Stöðufundur. Innra mat
Mái	<ul style="list-style-type: none"> • Skýrsla um þróunarvinnuna. • Aðferðir og markmið tilbúin.

Í upphafi var gert ráð fyrir að verkefnið hæfist í upphafi skólaárs 2011 og lyki vorið 2012. Raunin var hins vegar sú að verkefnið teygðist inn á næsta skólaár.

Þróun sjálfsmatsaðferða

Á haustdögum 2011 var verkefnið kynnt fyrir starfsmönnum skólans og var umsjón þess á hendi aðstoðarskólameistara. Farið var í grunninn að hugmyndafræðinni sem liggur að baki stefnumiðuðu árangursmati. Skipaður var sjálfsmatshópur innan skólans sem vinna átti að verkefninu og var hann skipaður aðstoðarskólameistara og tveimur kennurum. Þessi hópur fundaði reglulega og hélt jafnframt fundi með öðrum starfsmönnum þegar við átti.

Á þessum tíma var aðstoðarskólameistari að velja sér viðfangsefni í meistaraprófsritgerð í opinberri stjórnslu við Háskóla Íslands.¹ Úr varð að hann ynni verkefni sem nýttist skólanum í þessari sjálfsmatsvinnu og gæti jafnframt verið innlegg í umræðuna um innra mat í framhaldsskólum. Fyrsta hugmynd gerði ráð fyrir að innleiðing sjálfsmatskerfis fyrir MTR yrði kjarni verkefnisins en það reyndist ekki raunhæft á ekki lengri tíma og varð því úr að unnin var úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem beitt hefur verið í framhaldsskólum og innleiðingu þeirra frá 1996. Þessi vinna fléttaðist inn í þá vinnu sem fram fór innan MTR á þessum tíma. Fljótlega kom í ljós að fullnaðarinnleiðing stefnumiðaðs árangursmats tæki mjög mikinn tíma og krefðist mikils tíma og mannafla. Í rannsóknarvinnu sinni kynntist aðstoðarskólameistari þeirri vinnu sem unnin hafði verið innan Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og hvernig hún hafði gengið en það er eini framhaldsskólinn sem

¹ Sjá Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir. Innra mat framhaldsskóla. Aðferðafræði og innleiðing. Háskóli Íslands, 2012. <http://hdl.handle.net/1946/12972>

innleitt hefur stefnumiðað árangursmat. Það hefur reynst afar tímafrekt og krefst mikillar fræðslu og sérþekkingar, kostar sem sagt umtalsverðan tíma og fjármagn.

Á vorönn 2012 velti sjálfsmatshópur því upp á stöðufundi hvort aðrar aðferðir gætu ekki nýst skólanum jafn vel og hvort ástæða væri til að halda því til streitu að innleiða stefnumiðað árangursmat að fullu. Verkefnisstjórinn kynnti fleiri matsaðferðir sem væru í boði og rætt var í starfsmannahópnum hvaða leiðir ætti að fara. Á sama tíma var unnið að innra mati með ýmiskonar könnunum sem verið var að móta og innleiða. Niðurstaðan var á þessum tímamarki að sjá hver niðurstaðan yrði úr meistaraverkefni aðstoðarskólameistara og nýta það í umræðunni um framtíðarfyrirkomulag innra mats í MTR. Það var því ljóst að verkefninu lyki ekki vorið 2012.

Á haustönn 2012 hélt verkefnið áfram með svipuðu sniði. Verkefnisstjórnin var á höndum aðstoðarskólameistara sem vann náði með sjálfsmatshópi sem fundaði vikulega. Í kjölfar kynningar á niðurstöðum umræddrar meistarprófsritgerðar fyrir starfsmönnum var borin upp spurning í starfsmannahópnum um hvaða leið starfsmenn teldu að yrði heppilegust í innra mati skólans. Á grunni undangenginnar vinnu og kynningar var ákveðið að unnið yrði að mótun eigin sjálfsmatsaðferða fyrir skólann í stað þess að taka upp tilbúið kerfi, líkt og stefnumiðað árangursmat eða Gæðagreina. Heppilegra væri að móta og aðlaga aðferðir að þörfum skólans auk þess sem það krefðist ekki jafn mikils fjármagns og stefnumiðaða árangursmatið gerði.

Hvernig tókst til?

Ljóst er að verkefnið sem sótt var um styrk til breyttist all mikið í vinnuferlinu. Lagt var upp með að innleiða stefnumiðað árangursmat sem sjálfsmats- og stjórnunartæki við Menntaskólann á Tröllaskaga. Vinnan leiddi hins vegar til þess að sú aðferð þótti ekki jafn fýsileg og að mörgu leyti of flókin og viðamikil. Matið var að hætta væri á að ekki tækist að innleiða aðferðina fullkomlega og því yrði betra að fara aðra og viðráðanlegri leið. Hins vegar varð niðurstaðan sú að unnið hefur verið að mótun

sjálfsmatsaðferða innan skólans og eru þær í stöðugri endurskoðun undir stjórn sjálfsmatshóps skólans.² Eins og áður segir var lagt upp með eftirtalda þætti:

- Greining þeirra þátta sem sjálfsmat skólans tekur til. Aðferðafræði skilgreind. Þetta markmið náðist. Sjálfsmatshópur fór yfir þessa þætti og þeir voru ræddir á almennum starfsmannafundum þar sem sjálfsmatsaðferðir skólans og tilgangur innra mats var til umræðu. Á grunni þessarar umræðu og greiningar var matsleiðin valin.
- Stefnukort sem lýsir stefnu skólans, þeim árangri sem stefnt er að og hvernig honum skuli náð. Skilgreining þeirra vídda sem vinna skal með og orsakasamhengi þeirra sýnt. Sá vísir að stefnukorti sem unnin hafði verið hefur nýst vel í verkefninu og markmiðin sem þar voru sett fram rædd og endurskoðuð. Þá hefur kortið nýst vel sem yfirlits- og aðhaldsstæki fyrir stjórnendur. Nánari útfærsla eftir hugmyndafræði stefnumiðaðs árangursmats hefur hins vegar ekki farið fram, það er víddir hafa ekki verið skilgreindar þar sem ákveðið var að fara aðrar leiðir.
- Skorkort þar sem fram koma markmið sem endurspegla stefnuna sem sett er fram á stefnukortinu. Þróun mælikvarða sem segja til um hvernig gengur að ná markmiðunum. Skorkort þessi hafa ekki verið útfærða af áðurnefndum ástæðum en mælikvarðar og viðmið hafa verið unnin og útfærð út frá markmiðum sem skólinn hefur sett sér og í samræmi við þær matsaðferðir sem urðu fyrir valinu.

Styrkurinn hefur því sannarlega nýst til mótunar á sjálfsmatsaðferðum skólans þótt stefnumiðaða árangursmatið yrði ekki að veruleika.

Olafsfirði í nóvember 2013.

Lára Stefánsdóttir



Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir



² Sjá sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans á Tröllaskaga 2011-2012 og 2012-2013
<http://www.mtr.is/is/skolinn/skyrslur>